

ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS

– 2020



Fræðslusjóður
Apríl / 2021

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Starfsemi Fræðslusjóðs 2020

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Með [þjónustusamningi](#) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir til loka árs 2021, er FA falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi úrræði eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áður nefnd lög.

Hlutverk FA gagnvart Fræðslusjóði er að undirbúa og boða stjórnarfundi, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum.

Stjórn sjóðsins fundaði fjórtán sinnum á árinu og eru [fundargerðir stjórnar](#) birtar á vef FA.

Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum sjóðsins eiga rétt á úthlutunum úr sjóðnum í framangreind verkefni.

Í lok maí var úthlutað til [nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði og er öllum heimilt að sækja um til slíkra verkefna](#).

Fræðsluaðilum ber að skila eftirstöðvum úthlutanna til námsleiða og ráðgjafar í síðasta lagi við uppgjör, hafi úthlutun ekki nýst innan ársins. Þessum eftirstöðvum er úthlutað í samræmi við umsóknir frá fræðsluaðilum í október. Verkefni í raunfærnimati eru gerð upp í lok árs og um mitt ár en fræðsluaðilar hafa allt að 18 mánuði til að ljúka þeim verkefnum.

Framkvæmd ársins

Allar upphæðir í milljónum króna

	2019	2020	Breyting milli ára
Vottaðar námsleiðir	539,6	475,9	-11,8%
Náms- og starfsráðgjöf	135,7	127,9	-7,4%
Raunfærnimat	138,1	162,7	19,9%
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	34,7	37,9	9,2%
Samtals framkvæmd	848,1	804,5	-5,1%
Framlag á fjárlögum	815,9	796,1	-2,4%
Vaxtatekjur og óráðstafað eigið fé	32,2	8,4	-73,9
Samtals úthlutað	848,1	804,5	-5,1%

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og velferðarráðuneyti einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.



Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, sjá nánar um úthlutunar- og uppgjorsreglur í [Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs](#).

Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2020:

Hellen M. Gunnarsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h. ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Eyrún Björk Valsdóttir	Hilmar Harðarson
f.h. SA	Varamenn
Ingibjörg Ósp Stefánsdóttir	Ólafur Garðar Halldórsson
Jóhanna Vigdís Arnardóttir	Kristín Þóra Harðardóttir
f.h. BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Birna Ólafsdóttir
f.h. Félagsmálaráðuneytis	Varamaður
Klara Baldursdóttir Briem	Jón Þór Þorvaldsson
f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Elín Valgerður Margrétardóttir
f.h. Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Magnús Ingvason	Guðbjörg Aðalbergsdóttir

Skipunartími stjórnarinnar er til 12. febrúar 2023

Tölfræði úr starfinu

Starfsfólk FA og samstarfsaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA eftir tölfræðiupplýsingum úr starfinu og við þeim beiðnum er brugðist í hvert sinn. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna.

Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundi.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamningi og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, námsleiðum og raunfærnimati í Innu.

Helstu upplýsingar 2020

Vottaðar námsleiðir


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árin 2017 – 2020, Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðsna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd vottaðra námsleiða	2017	2018	2019	2020
Mímir-símenntun	186.505.684	185.370.000	179.153.808	172.061.000
Framvegis	41.310.000	56.650.000	51.754.167	45.815.000
Starfsmennt	2.450.000			
IÐAN	10.416.000	3.876.000	5.260.000	
RAFMENNT	0			
Alls	240.681.684	245.896.000	236.167.975	217.876.000
Símenntun. Vesturlandi	30.310.000	20.952.466	24.980.000	12.700.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	19.440.000	21.190.000	22.100.000	18.030.000
Farskólinn	12.827.429	12.010.000	13.260.000	11.960.000
SÍMEY	75.649.625	73.009.370	69.860.000	65.751.000
Þekkingarnet Þingeyinga	9.886.636	8.960.000	9.600.000	9.238.000
Austurbrú	21.630.000	22.980.000	22.270.000	18.820.000
Fræðslunet Suðurlands	34.866.769	36.850.000	38.180.000	34.606.900
Viska Vestmannaeyjum	14.624.583	9.061.914	13.730.000	10.140.000
MSS	88.870.000	106.300.617	89.440,00	76.823.000
Alls	308.105.042	311.314.367	303.420.000	258.068.900
Samtals	548.786.726	557.210.367	539.587.975	475.944.900

Eftirfarandi töflur sýna framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsleiða árið 2020, fjölda nemenda sem ljúka námi á árinu, meðalkostnað á hvern nemanda og hlutfall þeirra innan heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs		
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af Fræðslusjóði	2043	
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af öðrum	409	
Fjöldi nemenda alls	2452	
Samtök á vinnumarkaði	ASÍ	36%
	BSRB	9%
	Annað/óskráð	55%
Meðalkostnaður á nemenda greitt af Fræðslusjóði	232.964 kr	


Hlutfall karla og kvenna sem ljúka námi í vottuðum námsleiðum helst nokkuð jafnt á milli ára, en konur eru jafnan í meirihluta eins og sjá má á eftirfarandi mynd.




Fjöldi nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum minnkaði á síðasta ári vegna aðstæðna. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda eftir miðstöðvum síðastliðin fjögur ár.

Fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum eftir miðstöðvum (greitt af Fræðslusjóði)				
	2017	2018	2019	2020
Austurbrú	110	143	142	122
Farskólinn	103	72	101	64
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	179	140	102	126
Fræðslunet Suðurlands	214	160	201	152
Framvegis	123	155	134	138
IÐAN fræðslusetur	46	14	21	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	400	424	369	253
Mímir - símenntun	661	553	584	545
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	257	85	115	106
Símey	372	537	417	381
Starfsmennt	15			0
Þekkingarnet Þingeyinga	31	55	59	77
Viska	72	41	95	79
Nemendafjöldi alls:	2583	2379	2340	2043

Um 52% af námi fór fram í fjarnámi eða blönduðu námi (blandað stað- og fjarnám) á árinu 2020, en 36% námsins fór eingöngu fram í staðnámi. Þó að það færir í aukana að nám sé kennt í fjarnámi var þetta hlutfall mun hærra á árinu 2020 en árin á undan samkvæmt upplýsingum frá miðstöðvum. Á næstu mynd má sjá hvernig þessi framkvæmd námsins var á árinu 2020.

Hlutfall einstaklinga sem sóttu og luku námi í
fjarnámi, staðnámi eða blönduðu námi 2020

Tíu mest sóttu námsleiðir árið 2020 má sjá á næstu mynd.

Mest sóttu vottuðu námsleiðir 2020 - fjöldi nemenda sem
luku námi


[Nánari tölfræði um vottaðar námsleiðir á vef FA](#)

Ráðgjöf um nám og störf

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2020 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2017 – 2019. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsgreglur sjóðsins.

Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2017	2018	2019	2020
Mímir-símenntun	22.956.000	26.078.760	23.417.090	21.554.000
Framvegis	3.542.000	6.199.763	6.020.000	4.439.000
Starfsmennt	606.000	2.146.727	847.000	539.800
IÐAN	28.350.000	35.863.067	33.361.880	32.167.000
RAFMENTT	5.610.000	4.998.000	3.271.400	1.471.000
Alls	61.064.000	75.286.317	66.917.370	60.170.800
Símenntun. Vesturlandi	8.552.000	8.170.000	6.700.210	11.652.288
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	6.092.000	6.167.083	7.274.740	4.598.000
Farskólinn	4.230.000	4.159.339	4.175.000	3.769.410
SÍMEY	11.232.340	10.014.990	11.065.510	9.762.276
Þekkingarnet Þingeyinga	10.089.000	11.988.629	9.700.000	6.620.000
Austurbrú	4.056.000	4.556.000	4.058.070	5.091.755
Fræðslunet Suðurlands	9.453.160	9.876.017	9.904.720	8.967.180
Viska Vestmannaeyjum	4.190.000	4.798.460	3.760.000	3.883.000
MSS	12.371.666	12.763.213	12.150.000	13.412.980
Alls	70.266.166	72.493.730	68.788.250	67.756.889
Samtals	131.330.166	147.780.047	135.705.620	127.927.689

Viðtölum fækkaði þó nokkuð milli árana 2019 og 2020 eða um 13%. Á næstu mynd má sjá fjölda viðtala síðastliðin fjögur ár.





Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtöl en hver einstaklingur getur hafa sótt nokkur viðtöl. Með Innu er hægt að fá upplýsingar um meðalfjölda viðtala á hvern einstakling en slíkt er einungis hægt að sjá í bakvinnslu sem FA hefur ekki aðgang að. FA bað um þessar upplýsingar fyrir árin 2017, 2018 og 2019 og eru þær í töflunni hér fyrir neðan.

Athygli vekur að Pólverjum sem sóttu viðtöl á árinu 2020 fækkaði um helming frá árinu á undan eða úr 12% niður í 6% af heildarfjölda. Einnig má sjá að fleiri ráðþegar eru í atvinnuleit eða í starfsendurhæfingu 2020 en árin á undan og að kostnaður á hvert viðtal var mun hærra 2020 en 2019.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF - ÝMIS TÖLFRÆÐI				
	2017	2018	2019	2020
FJÖLDI VIÐTALA	8690	9473	9448	8231
ÞAR AF FJÖLDI VIÐTALA GREIDD AF ÖÐRUM EN FRÆÐSLUSJÓÐI			762	201
FJÖLDI EINSTAKLINGA SEM SÆKJA RÁÐGJÖF	2990	2761	2724	
Meðalfjöldi viðtala pr.einstakling	2,91	3,43	3,47	
KYNJASKIPTING RÁÐÞEGA				
Konur	46%	44%	47%	45%
Karlar	54%	56%	53%	55%
ALDURSKIPTING RÁÐÞEGA				
25 ára og yngri	18%	16%	18%	19%
26 - 35 ára	33%	34%	34%	37%
36 - 45 ára	26%	27%	26%	24%
46 - 55 ára	15%	16%	16%	13%
56 ára og eldri	8%	8%	7%	6%
MENNTUNARSTIG RÁÐÞEGA				
Grunnskóli	21%	16%	16%	15%
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	63%	61%	60%	65%
Starfsmenntun	5%	10%	12%	7%
Stúdentspróf	4%	5%	5%	6%
Iðnmenntun	4%	4%	4%	3%
Háskólapróf	3%	3%	4%	4%
STAÐA RÁÐÞEGA Á VINNUMARKAÐI				
Í starfi	70%	69%	63%	58%
Atvinnuleitandi	11%	13%	18%	19%
Starfsendurhæfing	8%	7%	11%	15%
Í námi	4%	4%	3%	4%
Annað	8%	7%	5%	4%
ÞJÓÐERNI				
Íslendingar	86%	80%	78%	84%
Pólverjar	7%	11%	12%	6%
Aðrir	8%	8%	11%	11%
SAMTÖK Á VINNUMARKAÐI				
ASÍ	68%	63%	63%	66%
BSRB	8%	7%	5%	6%
Annað/óþekkt/óskráð	24%	30%	32%	28%
MEDALKOSTNAÐUR Á VIÐTAL	15.112 kr	15.600 kr	14.363 kr	15.542 kr

[Nánari tölfræði um náms- og starfsráðgjöf á vef FA](#)

Raunfærnimat



Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2020 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2017 – 2019. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.


Framkvæmd í raunfærnimati	2017	2018	2019	2020
Mímir-símenntun	12.784.000	10.403.900	10.464.100	18.523.400
Framvegis	1.952.600	625.100	2.962.900	2.730.000
Starfsmennt	0	2.321.500	181.000	
IÐAN	40.081.200	55.313.800	61.192.000	60.455.150
RAFMENNT	7.309.600	6.118.000	5.569.000	7.594.000
Alls	62.127.400	74.782.300	80.369.000	89.302.550
Símenntun. Vesturlandi	1.800.838	12.196.162	3.323.000	18.972.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	2.684.300	2.104.800	6.858.000	9.937.500
Farskólinn	0	2.186.800	6.797.000	556.500
SÍMEY	10.907.300	12.661.100	19.508.300	10.390.100
Þekkingarnet Þingeyinga	0	0	325.000	2.650.000
Austurbrú	2.645.400	6.877.500	2.742.292	5.158.208
Fræðslunet Suðurlands	5.343.586	18.015.900	7.597.000	16.553.100
Viska Vestmannaeyjum	4.302.300	4.999.000	3.837.300	5.739.200
MSS	10.401.241	10.720.506	6.736.000	3.444.200
Alls	38.084.965	69.761.768	57.723.892	73.400.808
Samtals	100.212.365	144.544.068	138.092.892	162.703.358

Á árinu 2020 luku 638 einstaklingar raunfærnimati hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt og er þetta metfjöldi síðan farið var að meta raunfærni á þennan hátt á Íslandi. Af þeim var raunfærnimat 573 einstaklinga greitt af Fræðslusjóði en aðrir greiddu fyrir 65 einstaklinga. Eins og sjá má á næstu töflu fer fjöldi þeirra sem fá fjármagn annarsstaðar frá en úr Fræðslusjóði fjölgandi.

Heildarfjöldi einstaklinga sem lauk raunfærnimati 2017 - 2020

	2017	2018	2019	2020
Fræðslusjóður	438	572	467	573
greitt af öðrum	3	5	89	65
ALLS	441	577	556	638


Á næstu mynd sést hvernig þessi fjöldi skiptist eftir flokkum raunfærnimats, miðað við alla sem luku raunfærnimati árin 2017 – 2020.




Nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats 2020 sýnir að konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í starfsnámsbrautum og á móti viðmiðum einstakra starfa í atvinnulífinu, en karlar í iðngreinum og almennum bóklegrum greinum. Meðalaldur þeirra sem sækja raunfærnimat almennt eru 37,3 ár en meðalkostnaður á hvern einstakling er krónur 283.950 árið 2020 af framlagi Fræðslusjóðs.

2020	Fjöldi	Framlag Fræðslusjóðs	Hlutfall	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Starfsnámsbrautir	250	70.987.503 kr	43,6%	54	13.510	56%	44%	40 ár
Iðngreinar	215	61.049.253 kr	37,5%	79	16.928	13%	87%	37 ár
Viðmið atvinnulífsins	91	25.839.451 kr	15,9%	13	1.155	51%	49%	33 ár
Almennar bóklegar greinar	17	4.827.150 kr	3,0%	14	233	35%	65%	31 ár
Samtölur	573	162.703.357 kr		55,5	31.826	38,6%	61,4%	37,3 ár

Einstaklingar sem hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati á árinu 2020 en þeir sem hafa stúdentspróf eða meiri menntun greiða yfirleitt sjálfir eða fá styrki annarsstaðar frá en úr Fræðslusjóði eins og úthlutunarreglur segja til um. Þetta má sjá nánar á næstu mynd.



Pólverjar hafa verið í meirihluta þeirra erlendu ríkisborgara sem sækja úrræði framhaldsfræðslunnar undanfarin ár en eins og í ráðgjöf þá hefur þeim hlutfallslega fækkað árið 2020 miðað við árin á undan. Þó má nefna að meginskýring á fjölgun Pólverja árið 2019 var þátttaka þeirra í VISKA verkefninu sem var fjármagnað af ESB og FA.



[Nánari tölfræði um raunfærnimat á vef FA](#)



Nýsköpunar- og þróunarverkefni

Umsækjandi	Heit verkefnis	Styrk upphæð
IDAN fræðslusetur	Rafrænt raunfæmimat	5.000.000
Gerum betur ehf	Þjónustubjálfun með sýndarveruleika	3.300.000
Senza Partners ehf.	Fjölnota hraðall fyrir frumkvöðla með stutta skólagöngu.	3.000.000
Framvegis miðstöð símenntunar	Tæknilæsi og tölvuhæfni - vinnuumhverfi samtímans	2.710.000
Mimir-símenntun	Námskeið fyrir leiðbeinendur kennsluáðferðarinnar Að lesa stærðfræði	1.200.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Íslenska sem annað mál – rafrænt hæfnimat	3.073.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Raunfæmimat starfsfólks íþróttamannvirkja - sundlaugarverðir og starfsfólk í íþróttahúsum.	2.336.000
Trappa / Krístrún Lind Birgisdóttir	Íslenskubjálfarinn innan verslunar og þjónustu	1.670.000
Apon SLF	AponEdu kennsluhugbúnaður	3.300.000
Gerum betur ehf	Fjölbreyttar aðferðir í fjarkennslu	1.950.000
Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	Frumgreinanám fyrir innflytjendur	800.000
Emil B. Karlsson	Stjórnun rafrænna viðskipta	3.300.000
Locatify ehf	Ratleikir sem tól í símenntun	3.000.000
Farskólinn – Norðurlandi vestra.	Fjölbreyttari landbúnaður	3.300.000


[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)

Lokaorð

Framlag til Fræðslusjós lækkaði árið 2020 um 3,9 milljónir eða 2.4% frá árinu á undan og var 796,1 milljón. Auk framlags til sjóðsins var úthlutað óráðstöfuðu fé frá fyrra ári auk áunninna vaxta. Þannig var heildar úthlutun ársins 804,5 milljónir miðað við 848,1 milljón árið 2019. Er það samdráttur um 43,6 milljónir eða 5,1% frá fyrra ári og skýrist af stærstum hluta af lækkun á óráðstöfuðu eigin fé, en einnig af lækkun á framlagi til sjóðsins, eins og áður segir. Óráðstafað fé sjóðsins verður til er fræðsluaðilar sem fá úthlutun úr sjóðnum ná ekki að fullnýta úthlutunina og þurfa að skila eftirstöðvum í árslok, í samræmi við Skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs og getur þess vegna sveiflast nokkuð milli ára.

Fjöldi nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði fækkaði á milli árána 2019 og 2020. Þar sem árið 2020 var um margt sérstakt ár má leiða að því líkum að áhrif Covid 19 hafi þar mest áhrif á fækkun nemenda sem ljúka námi.

Ráðgjafarviðtölum fækkaði einnig töluvert árið 2020 miðað við árin á undan. Í byrjun sumars 2020 var bætt við möguleikanum að skrá hvort viðtal færi fram rafrænt og sést á þeim tölum að mikið var um rafræn viðtöl eins og sést á næstu mynd.



Töluverð fjölgun var hins vegar í raunfærnimati þar sem 638 einstaklingar luku mati árið 2020 og þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 573 af þeim. Fjöldi þeirra sem sækir raunfærnimat í starfsnámi er orðin nokkuð jafn og þeir sem sækja raunfærnimat í löggildum iðngreinum. Einnig er sá fjöldi sem sækir raunfærnimat á mótið viðmiðum tiltekinna starfa í atvinnulífinu að fjölga og voru það alls 99 árið 2020.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.